

BORGARSTJÓRN 2. febrúar 2021: Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um bætt loftgæði í Reykjavík - R21020042

Borgarstjórn samþykkir að fara í þrjú þættar aðgerðir til að bæta loftgæði í borginni. Í fyrsta lagi að auka þríf á götum borgarinnar, í annan stað að auka viðbragðstíma snjómoksturs og í þriðja og síðasta lagi að veita afslátt af gjaldskyldum bílastæðum fyrir þá sem ekki aka á nagladekkjum. Umhverfis- og skipulagssviði verði falin nánari útfærsla sem lögð verði fyrir skipulags- og samgönguráð eigi að síðar en 15. febrúar næstkomandi. Samvinna verði höfð við Vegagerðina og nágrannasveitarfélögin með hagkvæmni og loftgæði að leiðarljósi.

Greinargerð:

Borgarstjórn samþykkti 4. september 2018 að svifryk fari ekki yfir heilsuverndarmörk með því að nýta tiltæk úrræði sem bæta loftgæði í borginni. Málið er brýnt enda áætlað Umhverfisstofnun Evrópu að sextíu ótímabær dauðsföll á Íslandi megi rekja til svifryksmengunar árlega.

Endurskoðuð viðbragðsáætlun borgarinnar um loftgæði, hefur ekki tryggt að þessum markmiðum borgarstjórnar hafi verið náð heldur þvert á móti hefur magn svifryks í Reykjavík ítrekað farið yfir heilsuverndarmörk, a.m.k. 25 sinnum eftir að einróma samþykkt borgarstjórnar frá 2018. Þetta staðfesta tölur frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur.

Hér er lagt til að skerpa á stefnumörkun borgarinnar varðandi þau þrjú meginatriði sem nefnd eru í tillögunni til þess að fylgja eftir samhljóða samþykkt borgarstjórnar frá árinu 2018.

Í fyrsta lagi er lagt til að auka þríf á götum borgarinnar. Ljóst er að þríf í borgum sem við viljum helst bera okkur saman við eru mun metnaðarfullri en hjá Reykjavíkurborg. Ef við skoðum Ósló t.d. kemur í ljós að stórmunur er á borgunum en Reykjavík er ekki hálfdrættingur á við Ósló. Þríf í Ósló eru umtalsvert meiri og markvissari heldur en í Reykjavík. Sem dæmi má nefna að miðborg Óslóar er þrífinn einu sinni á sólarhring á meðan miðborg Reykjavíkur er þrífinn mun sjaldnar. Þá eru stofnbrautir þrífnaðar tvisvar í mánuði í Ósló á meðan í Reykjavík eru þær þrífnaðar tvisvar til þrisvar á ári. Þríf á húsagötum eru með svipuðu sniði og í Ósló. Með auknum þrifum má koma í veg fyrir mikið svifryk og uppþyrlun á því í roki og vegna stórra ökutækja, sérstaklega yfir vetrarmánuðina.

Í annan stað er lagt til að auka viðbragðstíma snjómoksturs en borið hefur á því þegar snjóar í Reykjavík að borgarþúar lendi í vandræðum, þá sérstaklega í efri byggðum, og treysta sér þar af leiðandi ekki til annars en að hafa ökutæki sín á nagladekkjum. Hér getur borgin gert mun betur.

Í þriðja lagi er lagt til að þeir sem ekki notast við nagladekk fái afslátt af stöðugjöldum í gjaldskyldum stæðum borgarinnar. Sá sem er á nagladekkjum greiðir þá hærra en sá sem ekki er á nagladekkjum.

Þessar þrjú aðgerðir eru hófstílltar og algjörlega á forræði borgarinnar sjálfrar. Það er því einboðið að borgarstjórn standi jafn einhuga að þessum framförum eins og því meginmarkmiði að svifryk fari ekki yfir viðmiðunarmörk í borginni.